

Fjölmiðlafræðsla (útvarp) – val í 8. – 10. bekk 2019 - 2020.

Kennt verður á vor- og miðönn. Nemendur fá tvær kennslustundir á viku.

Kennari Þorsteinn Darri Sigurgeirsson.

Kennsluhættir:

Nemendur fá tvær kennslustundir á viku eina önn. Verkefni nemenda er að gera útvarpsþætti fyrir Útvarp Helluskóla og flytja þá í beinni útsendingu síðustu vikuna fyrir jólafrí. Við vinnu í þáttagerð læra nemendur hvernig hægt er að setja upp og undirbúa útvarpsþátt, læra hvernig best sé að tala í míkrofón og hvernig eigi að bera sig að þegar verið er í beinni útsendingu. Nemendur nota að mestu tölvur og íþáttu við gerð þáttanna. Þau velja þá tónlist sem á að vera í þáttunum og gera sér grein fyrir ef einhverja „sér“ tækni þurfi að nota t.d. síma, viðtöl, fara á vettvang o.fl. Reynt verður að búa til fréttastef og stef sem hægt er að nota sem einkennisstef stöðvarinnar. Nemendur öðlast færni í m.a. að skrifa þættina, taka viðtöl, búa til spurningakeppnir o.fl. Hugsanlega verður farið í vettvangsheimsókn á „alvöru“ útvarpsstöð til að kynna sér hvernig þær starfa í raun og veru.

Námsmat:

Nemendur eru metnir eftir vinnuframlagi (símat), áhuga, færni og framförum. Einnig verður lokaafurðin, sjálfur útvarpsþátturinn metinn.
